



18. árg. 1. tbl. 2009. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Egill Baldursson — egillb@mmedia.is

Gledilegt nýár!

Ásatrúarmenn slá ekki slöku við í kreppunni og halda hið eina sanna þorablót, nú sem endranær, á bóndadag 23. janúar. Blótið verður í Mörkinni 6, í húsi Ferðafélags Íslands, sem verður opnað kl. 19.

Þegar goðar hafa blótað til landvætta og helgað matinn, og við etið og drukkið full, munu landsfrægir skemmtikraftar taka við og halda uppi stemmningu sem vart hefur sést norðan Heimakletts.

- ☛ Steindór Andersen kveður okkur í kútinn.
- ♪ Ragnhildur Gísladóttir verður með tónlistaratriði ásamt m.a. Birni Thoroddsen og Jóni Rafnssyni.
- ♪ Fjöldasöngur.

Blóttollur er 4.500 krónur, en börn í fylgd með foreldrum, 12 ára og yngri, fá frítt. Takið sérstaklega eftir gömlu lummunni: „Vinsamlega greiðið tímanlega inn á reikning félagsins: 0101-26-011444, kt. 680374-0159.“

Góða skemmtun!

Þjóðflutningarnir miklu í lok 4. aldar

Þjóðflutningar voru hvorki nýtt né merkilegt fyrirbæri í sögu fornaldar. Þeir voru fastur þáttur í tilveru þeirra, sem bjuggu utan „siðvæddra svæða“, þ.e. borga. Þessir flutningar gátu stafað af loftslagsbreytingum, fólksfjölgun eða af ásókn frá öðrum og sterkari þjóðum.

Germanir höfðu um aldir verið nágrennar Rómverja og girntust án efa auðæfi þeirra. Öðru hverju reyndu þeir ránsleiðangra inn í rómverska ríkið og höfðu stundum heppnina með sér. En hugmyndarinnar, sem leiddi til „þjóðflutninganna miklu“, sem hófust við lok 4. aldar, er lengra að leita — austur til Asíu. Og það var ekkert nýtt, að Germanir næðu fótfestu innan landamæra rómverska ríkisins. Þjóðflokkarnir í Mið-Evrópu voru sífellt á ferð og flugi og landamæri voru ekki einungis æskileg heldur nauðsynleg. Margar germanskar fjölskyldur höfðu fengið heimild til að setjast að í Gallíu og í nokkrum tilvikum leyfðu Rómverjar heilum þjóðflokkum, sem þá voru nefndir „bandamenn“ (foderati), að setjast að innan landamæranna gegn herskyldu. Var þá venjan sú, að hluti ríkisjarða í viðkomandi héraði var afhentur „gestunum“ (hospites). Þetta var sama meginreglan og aftur varð er alanskir og gotneskir þjóðflokkar, sem bjuggu norðan Kaspíahafs og Svartahafs, flúðu vestur á bóginn undan Húnum árið 375.

Germönsku þjóðflutningarnir gerðust í tveim bylgjum. Fyrri bylgjan stafaði af Húnum (Xiung-Nú), hirðingja- og riddaraþjóð, sem hafði hrökklast frá Mið-Asíu undan Kínverjum um árið 100. Þeir höfðu setið um skeið á Úralsvæðinu en fóru á skrið um 374 og sundruðu og lögðu undir sig ríki Gota á sléttunni norðan við Svartahaf. Fyrsta afleiðing þess var að kristnir Vestgotar í Dakíu flúðu yfir Dóná 376 og beiddust hælís hjá rómverskum vinum. Þegar flóttamennirnir sættu illri meðferð, risu þeir upp, fóru um Balkanskaga og felldu Valens keisara í orrustunni við Andríanópel 378. Nýjum keisara, Þeódósíusi mikla, tókst að stilla til friðar með því að úthluta Vestgotum búsetulandi í Mösíu, í núverandi Búlgaríu, við neðanverða Dóná. En eftir fráfall Þeodíusar 395, fannst Vestgotum þeir sviknir. Þeir risu því á ný til uppreisnar undir forystu hins kornunga höfðingja Alreks. Fyrst rásuðu þeir um Grikkland og Illýru, uns þeir réðust um 400 inn á Ítalíu, en urðu frá að hverfa. Um 405 réðst fylking Austgota undir forystu Ráðagests á flóta undan Húnum inn í Ítalíu, en var gereytt við Fiesóle. Alrekur Vestgotakonungur endurtók svo innrás á 410. Til að mæta innrásum villiþjóða, kvöddu Rómverjar til Rínarher og skildu Gallíu eftir varnarlausu. Það notfærðu sér Vandalar, Svefar, Alanar og Búrgundar á flótta undan Húnum, ruddust vestur á bóginn um 408 og allt suður til Spánar. (Andalúsía á Spáni heitir eftir Vandöllum.) Landnám Franka í Gallíu var ekki til komið vegna flótta undan Húnum, enda miklu eldra. Þeir tóku að þökast inn í Gallíu um 250 sem bandamenn og landvarnarmenn Gallíu og héldu sérstaklega uppi sterkum vörnum gegn Söxum og Alamönnum. Eftir að Vandalar og Svefar höfðu brotist vestur um Gallíu, sendu Rómverjar Vestgota af höndum sér frá Ítalíu til Gallíu til að hrekja ránsþjóðirnar suður til Spánar.

Einn mesti vandi germönsku flökkupþjóðanna var matvæslaskortur. Ef þær voru á ferli, komust þær ekki til að sá og uppskera og lentu þá í vítahring. Þær fréttu þá af því

að í N-Afríku væri hið mikla kornbúr Rómaveldis með óþrjótandi matvælum. Því gerðu Vestgotar tvisvar sinnum tilraun til að komast til Afríku, frá S-Ítalíu og Spáni, en mistókst, því að floti þeirra eyddist.

Árið 429 gerði Bónifatíus, landstjóri í N-Afríku, uppreisn gegn Rómavaldinu og leitaði þá liðsinnis hinna germönsku Vandala á Spáni og útvegaði flota til að flytja þá yfir Njörvasund. Þannig náði villiþjóð næstum fyrirhafnalaust yfirráðum yfir kornbúrinu. (Enn má finna blá augu Germana hjá Berbum í N-Afríku.) Það var áfall fyrir Rómaveldi, þegar Vandalar hernámu Karþagó og náðu flota hennar á sitt vald 439. Þar með urðu þeir ráðandi á Miðjarðarhafinu, hernámu eyjarnar og hindruðu siglingar og verslun og 455 réðust þeir á Róm og brenndu hana til ösku. (Orðið vandalismi er komið frá þessum tíma. Það merkti að hegða sér eins og Vandali og er samheiti yfir skemmdarstarfsemi.)



Veldi Húna teygði sig austan af sléttum M-Asíu vestur yfir mestallt Þýskaland nútímans og norðan frá Eystrasalti suður til Dónár. — Myndin er úr Wikipedia.

Seinni bylgyja þjóðflutninganna hófst eftir að Atli Húnakonungur beið ósigur á Katalánsvöllum í N-Frakklandi 451. (Katalánsvellir, Chalons eru austur af París.) Árið 453 lést Atli og Húnaveldi liðaðist í sundur. Undirþjóðir Húna sigruðu þá við Nedaó (Niðá) 455. Þær heimtuðu frelsi, sumir leituðu á náðir Rómverja en aðrir réðust inn í Rómaveldi. Árið 409, þegar Vandalar sveimuðu um Gallíu, var allur rómverskur herafli fluttur frá Bretlandi og síðan urðu heimamenn að sjá um sig sjálfir, en þeir höfðu ekki bolmagn til þess og hnignaði þá öllu. Þeir urðu svo aðþrengdir af árásum Pikta, að 446 sárþændu þeir Rómverja um hjálp, en því var hafnað. Þá gripu þeir til þess ráðs að biðja Engla um hjálp og komu höfðingjar þeirra, bræðurnir Hengist og Horsa, og hróktu Pikta á flóttu, en tóku sjálfir völdin og buðu Söxum að setjast þar að um 450. Þegar leið á þjóðflutningatímamann varð áberandi hnignun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Noregi. Verslunarleiðir rofnuðu nefnilega á rósturtímum.

Ef horft er á málin í víðara samhengi, kemur í ljós að valdajafnvægi var raskað, þegar Atli Húnakonungur réðst vestur á bóginn og ætlaði að leggja Gallíu undir sig. Fram að þeim tíma höfðu Rómverjar og Húnar árangursríkt samstarf, sem styrkti þá báða gegn undirþjóðum sínum. Afleiðing af vinslitunum varð að bæði veldin liðuðust í sundur og germanskar undirþjóðir þeirra risu upp og gerðust sjálfráðar. Í Katalánsorustunni stóðu Vestgotar, Frankar og Búrgundar saman undir forystu Rómverja gegn Húnum. En strax að orustunni lokinni hófu þeir innbyrðist baráttu um yfirráðin í Gallíu, sem endaði með sigri Franka. Árið 486 kom Klóðvík af Mervíkingaætt til ríkis yfir Frönkum í Tournai og hóf stórfellda útþenslu, sem endaði með

því að hann ríkti yfir allri Gallíu. (Tournai er elsta borg Belgíu, staðsett suðvestur af Brüssel.) Til þess sigraði hann bæði Vestgota og Búrgunda. Það skipti sköpum fyrir hann þegar hann gekk að eiga Klóthildi Búrgunda-prinsessu og lét skífrast til kaþólskrar trúar. Þar með hlaut hann stuðning hinna rómönsku íbúa.

Eftir dauða Atla liðaðist ríki Húna í sundur og brátt voru þeir úr sögunni. Vest-rómverska ríkið var gersamlega í upplausn og árið 476 rak Odovakar (þjóðerni óvíst) síðasta vestrómverska keisarann, Rómúlus Ágústus, frá völdum. Þetta voru endalok vestrómverska ríkisins. Odovakar (germanska=Audawaks=Auðvagr) viðurkendi keisara austrómverska ríkisins sem yfirmann sinn, en stjórnaði sjálfur Ítalíu. Austgotar voru ekki lengur undir Húnum og héldu þeir því til Ítalíu. Náðu þeir landinu á sitt vald og drap leiðtogi þeirra, Þiðrik af Bern, Odovakar með eigin hendi 493. Austgotar réðu Ítalíu fram til um 530 er austrómverska ríkið náði henni aftur á sitt vald.

Um árið 500 tók að skýrast, hvaða þjóðir byggðu ríki V-Evrópu. Þau voru öll byggð Germönunum, sem hlutu að tileinka sér rómverska menningu. Þeir kynntust nýrri samfélagsskipan, háþrúðu stjórnkerfi, bókmenningu og nýjum trúarbrögðum. Og hvaðan komu þeir og hvað fluttu þeir með sér? Þeir komu víða að, frá löndum, sem teygðu sig allt vestan frá Rín og austur til Svartahafs. Hirðingjar voru þeir ekki, en engu að síður sífellt á ferð og flugi og áttu hægt með að skipta um bústaði ef þeim sýndust hagar og akurlendi betri annars staðar eða öflugir nágrannar þrengdu kosti þeirra. Ættbálkar þeirra voru tíðum aðeins lausknytt samband smárra eininga. Þeir voru sífellt að mynda bandalög, komu ýmist fram sem heild, eða börðust innbyrðis.

„Ættbálkurinn“ var þannig ekkert ákveðið og óumbreytanlegt hugtak og ættbálka sem hverfa úr heimildum finnum við tíðum aftur undir nýju nafni, gjarnan í hópi annarra eininga. Þannig urðu fjölmargir ættbálkar Franka og Alemanna til á þjóðflutningatímanum. Ættbálkar, sem við höfum þannig fyrstu kynni af um leið og þeir stíga inn í „ljós sögunnar“, voru því af ýmsum uppruna, áttu hver sína forsögu og voru ekki allir á sama menningarstigi.

Draumur 19. aldar manna um samstæðan heim Germana, þar sem frjálsir jafningjar yrktu jörðina í kommúnískri eindrægni, átti sér enga stoð í raunveruleikanum. Sauðfjarrækt var jafnan höfuðatvinnuvegurinn og nautgripir voru í einkaeign. Aldalöng samskipti við Rómverja olli meiri efnahagslegri mismunun en ella meðal margra ættbálka. Verslun við Rómverja var allmikil og á henni hagnaðist germanska yfirstéttin eflaust mest. Aukið ríkidæmi varð svo til að örfa stríðslöngunina — og þá jókst vald hástéttarinnar.

Síðasta germanska þjóðflutningaþjóðin frá Mið-Evrópu, Langbarðar, náðu Ítalíu mestallri á sitt vald. Yfirleitt er sagt að fornaldarmenningunni ljúki og miðaldir hefjist um 500. Var þó stöðug hnignun í Rómaveldi frá 3. til 5. aldar og er sá tími kallaður síð-rómverskur tími. Í aldanna rás var stöðugt fleiri þrælum gefið frelsi. Mynduðu afkomendur þeirra stétt ánauðugra og áththagabundinna smábænda, en kjör þeirra voru eiginlega ekkert skárri en forfeðranna, þótt þeir væru frjálsir menn.

Jóhannes Levy tók saman